

Matorka ehf.
Anna Lilja Benidiktsdóttir
Hlíðasmára 6
201 Kópavogur

Reykjavík, 16. september 2022
UST202202-182/DAM
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 10. ágúst 2022 sl. þar sem óskað var eftir úrbótaáætlun vegna frávíks sem skráð voru í eftirliti dags. 17. maí 2022. Þann 15. september 2022 sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Niðurstöðum mælinga skal skila til eftirlitsaðila tvisvar á ári skv. leiðbeiningum eftirlitsaðila og vöktunaráætlun. Enn eru niðurstöður mælinga bara að skila sér til eftirlitsaðila einu sinni á ári. **Rekstraraðili hefur lagt fram úrbótaáætlun þar sem gæðahandbók hans er uppfærð með tilliti til þeirra krafna sem stofnunin gerði.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálk Friðgeirsson
sérfræðingur

Daníel Arnar Magnússon
lögfræðingur